

Heimar hf.: Framboð til stjórnar og tilnefningarnefndar á aðalfundi 9. mars 2026

Aðalfundur Heima hf. („Heimar“ eða „félagið“) verður haldinn mánudaginn 9. mars 2026 í Smárabíó, í salnum Flauel, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, kl. 15:00.

Framboðsfrestur til stjórnar og tilnefningarnefndar Heima rann út 2. mars sl.

Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn, varastjórn og tilnefningarnefnd félagsins.

Í framboði til aðalstjórnar eru:

Birgir Már Ragnarsson
Guðrún Tinna Ólafsdóttir
Heiðrún Emilía Jónsdóttir
Steingrímur Halldór Pétursson
Tómas Kristjánsson

Í framboði til varastjórnar eru:

Andri Sveinsson
Bryndís Hrafnkelsdóttir

Samkvæmt samþykktum félagsins kýs aðalfundur fimm manna stjórn. Fyrir aðalfundinum liggur tillaga um breytingu á samþykktum félagsins þess efnis að heimilt verði að kjósa tvo varamenn í stjórn félagsins.

Önnur framboð til stjórnar hafa verið dregin til baka og verður stjórn félagsins því sjálfkjörin á aðalfundinum.

Í framboði til tilnefningarnefndar eru:

Árni Gunnarsson
Davíð Stefán Guðmundsson

Á dagskrá aðalfundar er kjör tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd félagsins til tveggja ára. Þar sem engin önnur framboð til tilnefningarnefndar bárust innan framboðsfrests verða frambjóðendur til tilnefningarnefndar sjálfkjörnir á aðalfundinum.

Nánari upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og tilnefningarnefndar má finna í meðfylgjandi viðhengjum.

Önnur fundargögn tengd aðalfundinum, þar á meðal skýrsla tilnefningarnefndar, umboðsform o.fl., má nálgast á vef félagsins: <https://www.heimar.is/fjarfestar/adrar-upplysingar/hluthafafundir/>.

Kópavogur, 4. mars 2026
Stjórn Heima hf.

Viðhengi

[Heimar hf.: Framboð til stjórnar og tilnefningarnefndar á aðalfundi 9. mars 2026](#)

[Heimar Hf Framboð Til Stjórnar Og Varastjórnar](#)

[Heimar Hf Framboð Til Tilnefningarnefndar](#)